



## Námskeið FLE

### Siðferðisleg álitamál í endurskoðun

<b>Ætlað:</b>	Félagsmönnum FLE
<b>Leiðbeinandi:</b>	<b>Stefán Einar Stefánsson &amp; Ketill Berg Magnússon</b>
<b>Staður:</b>	Grand Hótel Reykjavík – Hvammur
<b>Tími:</b>	Fimmtudaginn 14. janúar 2010 kl. 13:00 – 16:00
<b>Einingar:</b>	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum siðareglur og fagleg gildi
<b>Verð:</b>	15.000
<b>Skráning:</b>	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 12:00 - 13. janúar 2010

#### Námskeiðslýsing :

##### **Fyrsti hluti: Hvað er siðfræði? Á hún erindi til endurskoðenda?**

Stefán Einar fjallar um hlutverk siðfræðinnar og hvernig hún varpar ljósi á hið siðferðilega svið mannlægs samfélags. Þá mun hann fjalla um það hvernig siðfræðin fæst við að greina muninn milli réttlætis og ranglætis í athöfnum og ákvörðunum mannsins. Umfjöllun af þessu tagi er nauðsynlegur inngangur að umræðunni um siðfræði endurskoðunar.

##### **Annar hluti: Siðfræðileg álitaefni í starfi endurskoðenda**

Ketill mun fjalla um nokkur lykil siðfræðihugtök og spurningar endurskoðunar. Kynnt verður haghafagreining, hagnýt aðferð til að greina siðferðileg álitamál og ákvarðanir sem endurskoðendur standa frammyfir í störfum sínum. Skoðað verður hvernig siðareglur geta gagnast í daglegum störfum.

##### **Þriðji hluti: Raunhæft verkefni tengt störfum þátttakenda**

Stefán Einar og Ketill munu leggja fyrir verkefni sem þjálfar þátttakendur í ákvarðanatöku um siðferðileg álitamál í störfum þeirra.

#### **Markmiðslýsing:** Að loknu námskeiðinu ættu endurskoðendur að:

- þekkja grundvallar viðfangsefni siðfræðinnar
- Glöggva sig betur á helstu siðferðilegu álitamálum viðskiptalífsins
- þekkja aðferðafræði haghafagreiningar
- Gera sér grein fyrir hvað þarf til að innleiða siðareglur á árangursríkan hátt

#### **Um leiðbeinendur**

##### **Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðingur**

Starfar sem kennari í lagadeild Háskólans í Reykjavík og sem sérfræðingur hjá Epikosi.

**Menntun:** MA í viðskiptasiðfræði 2008 frá HÍ, Cand theol 2008 frá HÍ, BA í guðfræði 2006 frá HÍ.

##### **Ketill Berg Magnússon**

Starfar hjá Skipti sem framkvæmdastjóri Mannauðssviðs. Áður sem ráðgjafi í starfsmannamálum hjá Símanum og hjá Skref fyrir skref. Hefur verið stundakennari við Háskólann í Reykjavík um árabil. Ketill hefur gengt ýmsum trúnaðarstörfum, s.s. stjórnarsetu í félagasamtökum, fagfélögum, og fyrirtækjum.

**Menntun:** MBA frá háskóla í Barcelona 2008, MA í heimspeki með sérhæfingu í vinnusiðfræði frá University of Saskatchewan í Kanada.